

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna yfirlits yfir móttökur Reykjavíkurborgar*

Á fundi forsætisnefndar 16. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum varðandi yfirlit sem er lagt fram á fundi forsætisnefndar 16. nóvember um móttökur og veislur. Óskað er svara við eftirfarandi spurningum: Hver ákveður hvort halda eigi móttökur? Fá nöfn og ákvarðanaferli. Hver ákveður boðslista? Fá nöfn og hvernig ákvarðanaferlið er. Hvaða fyrirtæki eru þjónusta þessar móttökur/veislur? Hvaðan eru vörurnar/aðföng (matur og áfengi) keypt? Hvernig skilgreinir Reykjavíkurborg móttöku? Hvernig eru veitingar, samsetning veitinga, áfengi? Hver er kostnaður við veitingar og áfengi fyrir hverja veislu, fá sundurliður? Hverjir þjóna, sjá um framreiðslu? Hver, hvað mikið og hverjar er greiðslur fyrir hvern? Óskað er eftir nöfnum allra aðila/fyrirtækja og sundurliðun ofan í smæstu atriði sem koma að þessum móttökum.

Með bréfi dagsettu 28. nóvember 2018 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

### **Ákvörðunartaka**

Í 1. mgr. 1. gr. reglna um móttökur Reykjavíkurborgar segir meðal annars: „Forsætisnefnd ákveður móttökur Reykjavíkurborgar, sbr. 7. tölul. 3. mgr. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, með síðari breytingum. Opinberar móttökur borgarstjórnar eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjórnar. Opinberar móttökur borgarstjóra eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.“

Framkvæmdin er með eftirfarandi hætti: Beiðni um móttöku berst á netfangið [mottokur@reykjavik.is](mailto:mottokur@reykjavik.is) með útfylltu eyðublaði sem aðgengilegt er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Móttökufulltrúi metur þær beiðnir sem berast og gerir tillögu að afgangi þeirra sem er lögð fyrir erindafund skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og síðar til samþykktar af hálfu stjórnenda á skrifstofunni. Lögð eru fram til kynningar yfirlit yfir afgangi á móttökubeiðnum á fundi forsætisnefndar. Vafamálum er auk þess vísað til nefndarinnar.

Borgarfulltrúar, sviðsstjórar og embættismenn Reykjavíkurborgar fá boð í opinberar móttökur borgarstjóra. Ákvörðun um aðra gesti á boðslista er tekin á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að viðhöfðu samráði við þann aðila sem óskar eftir móttöku.

### **Skilgreining**

Móttökur Reykjavíkurborgar eru skilgreindar í 1. gr. reglna Reykjavíkurborgar um móttökur, dags. 30. janúar 2015 á eftirfarandi hátt:

„Opinberar móttökur Reykjavíkurborgar eru formlegar móttökur borgarstjórnar og borgarstjóra. Forsætisnefnd ákveður móttökur Reykjavíkurborgar, sbr. 7. tölul. 3. mgr. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, með síðari breytingum. Opinberar móttökur borgarstjórnar eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjórnar. Opinberar móttökur borgarstjóra eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Móttökur sem borgarstjóri býður til vegna starfsmannatengdra viðburða á borð við starfsloka starfsmanns falla ekki undir skilgreiningu 1. mgr., enda sé við það miðað að fjöldi gesta sé stillt í hóf. Móttökur einstakra stofnana, fagsviða eða skrifstofa í miðlægri stjórnsýslu eru ekki opinberar móttökur Reykjavíkurborgar. Slíkar móttökur eru á ábyrgð viðkomandi fagsviðs og þurfa að rúmast innan fjárheimilda.“

### **Veitingar og framreiðsla**

Eftirfarandi fyrirtæki sáu um veitingar í þeim móttökum sem fram komu á yfirliti sem lagður var fyrir forsætisnefnd þann 16. nóvember 2018: Þrír Grænir Ostar ehf., Veislugarður ehf., Múlakaffi ehf. og Bernhöftsbakarí ehf. Skreytingar og blómvendur í móttökunum voru keypt af fyrirtækjunum Samasem ehf., Blómagallerí ehf., Veislugarði ehf. og Grænum markaði ehf.

Eftirfarandi verktakar sáu um alla framreiðslu í móttökunum: H4 ehf., Hafdís Elma Jónsdóttir Höjgaard, Sigríður Þráinsdóttir, Hrafn Hlíðdal Þorvaldsson, Svava Steingrímsdóttir og Hervar Hlíðdal Þorvaldsson. Allt áfengi í móttökunum var keypt af fyrirtækinu Mekka Wines & Spirits hf.

Ákvörðun um tegund veitinga í móttökum veltur t.a.m. á tímasetningu og gestum og er því breytileg hverju sinni. Heildarkostnaður fyrir áfengi á tímabilinu var 963.094 kr. Heildarkostnaður fyrir aðrar veitingar var 5.053.016. Sjá nánari sundurliðun í hjálögðu yfirliti.

Eftirfarandi verktakar sáu um framreiðslu í móttökum og hlutu fyrir það eftirfarandi greiðslur:

H4 ehf. Móttökur: 20. Upphæð: 651.816  
Hafdís Elma Jónsdóttir Höjgaard. Móttökur: 20. Upphæð: 528.300  
Hervar Hlíðdal Þorvaldsson. Móttökur: 2. Upphæð: 48.000  
Hrafn Hlíðdal Þorvaldsson. Móttökur: 1. Upphæð: 20.000  
Sigríður Þráinsdóttir. Móttökur: 20. Upphæð: 509.882  
Svava Steingrímsdóttir. Móttökur: 2. Upphæð: 44.000

Annar kostnaður vegna móttaka á tímabilinu var 5.103.370 og skiptist þannig:  
Blóm og skreytingar vegna húsnæðis: 407.282 kr.  
Gjafir: 152.000 kr.  
Listafólk: 511.638 kr.  
Framreiðsla: 1.801.998 kr.  
Önnur aðkeypt vinna: 989.420 kr.

Nánari sundurliðun má sjá í hjálögðu yfirliti. Vakin er athygli á því að á yfirlitinu hafa bæst við tvær móttökur sem fyrir mistök voru ekki á yfirliti móttökufulltrúa sem lagt var fram í forsætisnefnd þann 16. nóvember sl. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í forsætisnefnd sendi móttökufulltrúa framhaldsfyrirspurnir í tölvupósti dags, 19. og 22. nóvember. Í fyrsta pósti er óskað upplýsinga um veislur haldnar „16. og 17. ágúst, afmælishóf þjónustovers og eitthvað annað, kveðjuhóf sem ég sé ekki á listanum“. Auk þess var spurt um veislu haldna þann 21. sept. sem ekki var á lista sem lagður var fram í forsætisnefnd þann 16. nóvember sl. Í öðrum póstinum er óskað upplýsinga um hver hafi óskað eftir móttöku í tilefni af Heimspingi kvenleiðtoga, Women Political Leaders sem haldin var þann 26. nóvember sl. Í þriðja póstinum er óskað eftir upplýsingum um hver hafi greitt fyrir þá móttöku.

Móttökur sem haldnar voru 16. og 17. ágúst sl. voru ekki á vegum Reykjavíkurborgar. Móttakan sem haldin var þann 21. september sl. var í tilefni heimsóknar erlendra fulltrúa evrópsku öldrunarsamtakana, EURAG. Reykjavíkurborg bar allan kostnað af móttökunni sem fyrir mistök var ekki á yfirliti móttökufulltrúa sem lagt var fram á fundi forsætisnefndar þann 16. nóvember sl. en er á hjálögðu yfirliti.

Sigprúður Ármann, framkvæmdastjóri WPL á Íslandi óskaði eftir móttöku í tilefni Heimsþings kvenleiðtoga, Women Political Leaders. Vert er að geta þess að móttökufulltrúi svaraði áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í forsætisnefnd í tölvupósti þann 22. nóvember sl. á þann hátt að Hanna Birna Kristjánsdóttir hefði óskað eftir móttökunni en það er leiðrétt hér með. Reykjavíkurborg stóð straum af öllum kostnaði vegna móttökunnar að undanskildum kostnaði vegna tónlistaratriðis og hljóðmanns sem samtökin WPL á Íslandi greiddu fyrir.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir

Hjálagt: Sundurliðun á kostnaði þeirra móttaka sem lagaðar voru fram í yfirliti á fundi forsætisnefndar 16. nóvember 2018.